

Áhættumat vegna loftslagsbreytinga – vegna nýs deiliskipulags Auðbrekku, svæðis 4

Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er áhættumat vegna loftslagsbreytinga skilgreint:

Áhættumat felur í sér að lagt er mat á hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga og hvort að aðgerða sé þörf til þess að tryggja öryggi og ástand mannvirkja til framtíðar. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða áhættumats er að loftslagsbreytingar hafi neikvæð áhrif eru settar fram aðgerðir til þess að lágmarka þau áhrif.

Áhættumat þetta er unnið samkvæmt leiðbeiningum um gerð áhættumats sem settar eru fram í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Upplýsingar eru fengnar úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, umhverfismati deiliskipulags, skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018 og útgefnum greinargerðum og skýrslum.

Mögulegir áhættuþættir:

Upptalning á þeim áhættuþáttum sem loftslagsbreytingar gætu átt við í þessu tilviki:

- **Aukin tíðni fárviðris og aukin úrkoma:** Aukið álag á fráveitukerfi. Grænar lausnir eins og blágrænar ofanvatnslausnir og gróður geta minnkað áhrif í Auðbrekku og hægt á ferð yfirborðsvatns. Meðal til miklar líkur á að aukin úrkoma geti haft neikvæð áhrif á byggingar.
- **Hækkun sjávarstöðu:** Á ekki við í Auðbrekku.
- **Breytt lífríki á landi:** Uppbyggingin mun hafa í för með sér aukinn gróður sem mun hafa jákvæð áhrif á lífríki á svæðinu.

Mat á aðgerðum:

Aðgerðir sem hægt væri að nota á þessu svæði til þess að lágmarka neikvæð áhrif aukinnar úrkomu og breytingu á lífríki felast í sömu lausn, að koma fyrir blágrænum ofanvatnslausnum með því að auka gegndræpi yfirborðs og gróður á svæðinu t.d með grænum þökum eða grænum svæðum.